

3. september 2026

Bæjarráð Vesturbyggðar

Efni: Ósk um lóð í Mikladal vegna uppbyggingar hestamennsku á Patreksfirði

Undirrituð óskar hér með eftir að Vesturbyggð taki til skoðunar úthlutun lóðar í Mikladal til uppbyggingar aðstöðu fyrir hestahald og hestamennsku á Patreksfirði.

Markmið verkefnisins er að koma upp öruggri og hentugri aðstöðu fyrir hesta og skapa um leið grundvöll fyrir skipulagt hestahald í byggðarlaginu. Fyrsti áfangi verkefnisins felst í að koma upp nauðsynlegri aðstöðu fyrir sumarhestamennsku, svo sem geymsluhúsnæði með smá skýli, gerðum, girðingum og annarri grunnaðstöðu. Stefnt er að því að fyrstu hestarnir verði komnir á svæðið sumarið 2027.

Framtíðarsýn verkefnisins nær þó lengra en til eigin hestahalds. Markmiðið er að byggja smá saman upp samfélagslegt starf í kringum hestamennsku á Patreksfirði, með sérstakri áherslu á börn og ungmenni. Meðal fyrirhugaðra verkefna er að bjóða árlega upp á reiðnámskeið fyrir börn og veita íbúum tækifæri til að kynnast og taka þátt í hestamennsku í sinni heimabyggð.

Hestamennska er ekki aðgengilegt frístundastarf á Patreksfirði í dag. Verkefnið myndi því auka fjölbreytni í íþrótt- og tómstundastarfi, styðja við útivist og hreyfingu og skapa ný tækifæri fyrir börn og fjölskyldur í sveitarfélaginu. Jafnframt gæti verkefnið orðið upphaf að frekari uppbyggingu hestamennsku á svæðinu, eftir því sem áhugi og þátttaka þróast.

Undirrituð hyggst standa að uppbyggingu verkefnisins og leita eftir fjármögnun þess með eigin framlagi, styrkumsóknum og samstarfi við fyrirtæki og aðra hagaðila. Til að verkefnið geti orðið að veruleika er þó nauðsynlegt að tryggja hentugt landsvæði og fá skýra leiðsögn sveitarfélagsins um skipulags- og leyfismál.

Með vísan til framangreinds er óskað eftir:

1. að Vesturbyggð taki jákvætt í uppbyggingu hestamennsku á Patreksfirði,
2. að skoðað verði hvort unnt sé að úthluta undirritaðri hentugri lóð í Mikladal undir verkefnið,
3. að hafið verði samtal um afmörkun lóðarinnar, mögulega nýtingu hennar og þau skipulags- og leyfisskilyrði sem uppfylla þarf,
4. að sveitarfélagið veiti, eftir því sem við á, stuðningsyfirlýsingu vegna fyrirhugaðra styrkjaumsókna,

5. að kannaðir verði möguleikar á framtíðarsamstarfi við sveitarfélagið um samfélags-, frístunda- og barnastarf tengt hestamennsku.

Undirrituð er reiðubúin að kynna hugmyndina nánar fyrir bæjarráði og leggja fram frekari upplýsingar um fyrirhugaða staðsetningu, áfangaskiptingu og framkvæmd verkefnisins.

Virðingarfyllst,

Karen Ósk Pétursdóttir
Brunnum 1, 450 Patreksfirði
846-1191
Karenoskp@gmail.com